

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 6. Nóvember 2023 kl. 15.00

Mættir: Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir foreldrafulltrúi, Hrönn Guðfinnsdóttir kennarafulltrúi, Eva Káradóttir kennari, Oliver Þór Stefánsson fulltrúi nemenda 10.bekk, Rúnar Gauti Gíslason fulltrúi nemenda í 10.bekk, Hulda Kristín Björnsdóttir, fulltrúi nemenda í 9. bekk, Sæunn J. Þórsdóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk, Jónína Magnúsdóttir skólastjóri og Ragnhildur Þorsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsmenn velkomna á fyrsta skólaráðsfund. Gengið til dagskrár.

1. Jónína fór yfir hlutverk skólaráðs í stórum dráttum og benti á handbók um skólaráðið, sjá hér slóðina <https://samfok.is/wp-content/uploads/2017/11/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>. Hún fór yfir nokkrar starfsreglur í skólaráði sem við getum nýtt okkur og sniðið að okkar þörfum
2. Fundartímar skólaráðs í vetur.
Ákveðið að hafa fundina kl. 14.30 á mánudögum.
Dagsetningar eru: 22.janúar , 4. mars með nemendaráði, 8. apríl, og 14. maí er opinn fundur. Jónína sendir fundarboð fyrir fundina.
3. Starfsáætlun skólaársins 2023-2024- Jónína benti á starfsáætlunina á heimasíðunni sem er uppfærð fyrir hvert skólaár, einnig minnti hún á Skólanámskránnu sem er á heimasíðu skólans.
4. Önnur mál- Jónína beindi spurningu til nemenda.
Hvað finnst ykkur um skólann? Varðandi þá umgengni.
Strákarnir í 10. bekk sögðu allt á réttri leið en það má alltaf bæta. Jónína sagði frá niðurstöðum úr skólapúls sem sýna að einelti hefur aðeins aukist á milli ára. En það er verið að vinna í málunum. Mikilvægt að ef nemendur séu með tillögur um eitthvað að láta okkur vita. Til að gera góðan skóla betri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:25
Ragnhildur Þorsteinsdóttir, fundarritari